

Vasi og skál

Myndlist

Valtýr Pétursson

Vasi og skál og kúla og skál eru titlar á flestum þeim verkum, sem sýnd eru á leirkerasýningu ungrar listakonu á Vesturgangi á Kjarvalsstöðum. Það er Ragna Ingimundardóttir, sem hér sýnir leirmuni sína í annað sinn, en hún hefur stundað nám hér heima og í Hollandi í listgrein sinni á undanförunum árum.


Ragna stillir leirmunum sínum upp á svoltið sérstæðan hátt, það er að segja öllu er parað niður og hlutirnir settir í samhengi, þannig að tvennur myndast, og eins og listakonan segir sjálf í viðtali hér í blaðinu: Hver skál, vasi eða kúla og annað, sem ég geri, er eitthvað ákveðið fyrir mér, hefur ákveðna þýðingu og er oft tengt ákveðinni manneskju. Það er því ekki sama fyrir höfundinn, hvert hlutirnir fara eða hverjum þeir tengjast, að hennar sögn. Þetta er í sjálfu sér mjög skemmtilegt viðhorf og mannlegt, um leið og það gefur hugmynd um virðingu listakonunnar fyrir því, sem hún skapar. Þeir munir, sem til sýnis eru að Kjarvalsstöðum um þessar mundir, eru formhreinir. Skreytingar eru ekki margbrotnar, en falla vel að forminu. Áferð efnisins fær einnig að njóta sín og er í samræmi við hrjúft yfirborðið og skilar hugmynd um massífa muni, kúlur, skálar og vasa. Þarna má finna vel unnið keramik, sem hefur persónulegan svip og þann ferskleika, sem æskan ein getur tjáð með lífsfjöri sínu.

Á undanförunum árum hefur



Ragna Ingimundardóttir

orðið til stór hópur af leirlistarfólki í þessu landi. Fyrir örfáum árum voru ekki margir, sem stunduðu þessa listgrein hér á landi, en nú eru aðrir og ef til vill merkilegri tímar. Leirkerasmíð er fornið í þessum okkar á Norðurlöndum og eru þar finnanlegir frægir menn í faginu. Vonandi hefur sá fjörkippur, sem að undanförunum hefur verið merkjanlegur í þessari listgrein hérlendis, þau áhrif, að um verulegan árangur verði að ræða, sem skipi okkur á bekk með frændþjóðunum í þessum efnunum. Þetta er persónuleg og skemmtileg lítil sýning hjá Rögnu Ingimundardóttur, sem gefur hinar ágætustu vonir.



Teikningar frá Ungverjalandi

Myndlist

Valtýr Pétursson

Þeir sem fylgzt hafa með því, sem hefur verið að gerast í myndlist okkar á síðustu árum, kannast við teiknarann Sigurð Örn Brynjólfsson, en hann hefur haldið nokkrar sýningar á teikningum sínum á undanförunum árum, og einnig gerði hann fyrstu íslensku teiknimyndina, „Þrymskviðu“, sem sýnd var í sjónvarpinu á sínum tíma.

Nú hefur Sigurður lagt land undir fót og heimsoft Ungverjaland og dvalist í þeirri merkilegu borg, Búdapest. Þar hefur hann mundað blýant og kritaeristifti og er nú endurheimtur í Gallerí Borg með mikið af skyndirissí í farteskínu. Er þarna um að ræða kritaeristiftir og svart/hvítar rissmyndir, gerðar af

mikilli íþrótt og á skemmtilegum hraða. Þarna er það fyrst og fremst augnablikið, sem er fangað, blýanturinn bókstaflega flýgur eftir myndfletinum og skilar snöggum og ákveðnum áhrifum. Maður vonast ósjálfrátt eftir því, að þessar myndir leiði að einhverju meiru en rissinu einu. Það er eins og ekki sé fyllilega unnið úr sumu því, er fyrir augun ber, en þeir sem gist hafa þann ágæta stað Búdapest, munu finna eitthvað úr andrúmslofti Ungverjalands í þessum teikningum. Búdapest er ein af forvitnilegustu borgum Mið-Evrópu, og þar er sannarlega margt að finna, enda hefur borgin og orðið Sigurði Erni vaki að margvíslegu myndefni, sem nú má sjá í Gallerí Borg, þar sem hann hefur hengt upp tæpar fjórutlu myndir frá dvöl sinni í Ungverjalandi.

Það er heldur sjaldgæft að sjá sýningar á teikningum einvörðungu hér á landi, og er Sigurður Örn einn örfárra listamanna, sem rær á slík mið. Hann er hressilegur teiknari að eðlisfari og nær oft á tíðum skemmtilegri kímni í myndefni sitt. Hér eru það litlu húsin og tréin, sem segja mér einna mest, og ekki má láta hjá líða að minnast á glæsihallir Búdapestborgar og þær mektugu brýr, sem gefa henni sinn einstæða svip. Það er auðséð af þessu rissi Sigurðar, að hann hefur komist í nán tengsl við umhverfið í Ungverjalandi og kunnað að umgangast það blóðheita fólk, sem staðinn byggir. Það er bæði frískandi og fróðlegt að sjá þessi riss, sem kveikja löngun áhorfandans til að sjá frekari vinnslu á sumum þessara verka.

Þjóðminjar handa út lendingum

Bókmenntir

Sigurjón Björnsson

Thor Magnússon: A Showcase of Icelandic National Treasures. Iceland Review 1978. Reykjavík 96 bls.

Enda þótt titill sé hér skráður á enskri tungu kemur þessi bók samtímis út á ensku og þýsku. Þýski titillinn er: Isländische Kulturschätze aus archäologischer Sicht. Ekki mun þessi bók vera gefin út með íslenskum texta og er hún því bersýnilega ætluð útlendingum, sjálfsagt einkum ferðamönnum sem til landsins koma.

Bókin skiptist í tvo kafla, mjög misstóra. Í fyrri kaflanum er saga Íslands (Historical Survey) rakin í allra stærstum dráttum á 22 bls. Er sá kafla að því er virðist gerður til þess að það sem á eftir fer verði bláókunnugum skiljanlegu, þ.e. reynt er að smíða sögulega umgerð um þær fornminjar og menningarverðmæti liðinna tíma, sem sagt er frá og sýnd eru í myndum í aðalhluta bókarnar (Relics and Treasures of Ages Past, bls. 24-91).

Inngangskafliinn er laglega skrifður, ljós og skilmerkilegur. Honum fylgja tíu myndir af ýmsu tagi: kort af landfræðilegri legu Íslands,

myndir af málverkum, ljósmynd af sveitabæ og munum margs konar og teikning af kaupskipi úr fornöld. Myndir þessar eru einungis mjög lauslega tengdar hinu sögulega yfirliti.

Í seinni bókarkaflanum er svo breytt um frásagnarmáta. Þá er samfelldum texta sleppt, en höfundur hefur í stað þess valið margvíslegt myndefni, sem útskýrt er í skýringargreinum sem fylgja myndunum. Er myndefnið hið fjölbreytilegasta og gefur einkar fróðlega og skemmtilega sýn inn í íslenska menningarsögu. Myndir telst mér að séu alls eitt hundrað (að meðtöldum þeim tíu sem fylgja inngangskafli), en skýringargreinar eru lítið eitt færri, þar eð tvær myndir fylgja fáeinum greinum.

Naumast er ég dómbær á fræðilegt gildi textans í þessari bók. En þau mál hljóta að vera í góðum höndum, þar sem þjóðminjavörður hefur um vélt. Víst er um það að öll áferð textans er hin notalegasta og ætti varla að ofbjóða skilningi eða þolinmæði ferðamanns þó að hann sé á hraðri ferð og ekki meira en mátulega hnýsinn. Um val á myndefni má að sjálfsögu endalaust deila, því að úr miklu er að móða. Mér fannst einkar skemmtilega og smekklega valið.



Þór Magnússon þjóðminjavörður

Það sem sérstaklega einkennir þessa bók er hversu fögur og aðlaðandi hún er að öllu útliti. Hönnun hennar er afar vel gerð af Fanneyju Valgarðsdóttur. Brot er þægilegt, pappír góður, texta vel fyrir komið, prófarkir vel lesnar. Sérstaklega staldrar maður þó við myndgæðin. Allar myndir eru mæta vel gerðar, margar hverjar augnandyndi. Hefur Páll Stefánsson, ljósmyndari, unnið þar verk sem ber að lofa.

Ég hygg að þessi litla og fallega bók hljóti að þjóna hlutverki sínu vel. Hún ætti að vera ferðamönnum kærkominn gestur, ef þá fýsir að skyggast lítilega inn í íslenska fortíð um leið og þeir skoða landið og innbyggjara þess. Einnig er þetta afar skemmtileg bók til að senda vinum og kunningjum erlendis.

En þessi forsmekkur veidur því að mann fer að langa til að sjá talsvert matarmeira ritverk um íslenskar þjóðminjar með íslenskum texta. Hver treystir sér í slíkt fyrir-tæki?

Heimurinn 1986

Erlendar bækur

Siglaugur Brynleifsson

State of the World 1986. A Worldwatch Institute Report on Progress Towards a Sustainable Society. Lester R. Brown, Edward C. Wolf, Linda Starke ... W.W. Norton & Company 1986.

Knaurs Weltspiegel '86. Fakten - Daten - Tabellen - Bilder. Knaur 1985.

„State of the World 1986“ er þriðji árgangur þessa ársrits, sem ætlað er að vera einhverskonar spegilmynd þeirra þátta í efnahagslífi og framleiðsluháttum, sem móta efnislegar breytingar í mannheimum og umhverfi. Höfundar rekja í nokkrum ritgerðum það sem þeir telja skipta mestu máli. Lester R. Brown ritar um skuldaförnun hinna ýmsu ríkja og þær afleiðingar sem höfundurinn telur sig sjá fyrir, að óbreyttri fjármagnsstefnu. Umhverfishrómun og vatnsskortur virðast ógna mannlífi og náttúru á stórum svæðum og með stöðugri fólksfjölgun virðist allt stefna í blindgötu að dómi Browns og Wolfs. Í ritgerð Edwards G. Wolfs er fjallað um beitarbúskap og hirðingjábúskap. Samkvæmt skoðun höfundar eru hin viðlendu beitarbúskapur, grasi vaxnar víðáttur í Asíu, Ameríku, Afríku og víðar, lykkillinn að aukinni matvælaöflun-mannkynsins í formi bestu tegunda hvítu (próteína) sem fáanlegar eru. Á þessum víðáttumíkiu afrettum er um þremur milljörðum búpenings haldið til beitar, nautgripum, sauðfé, geitum og úlföldum. Á síðustu áratugum hefur eftirspurnin eftir afurðum þessara svæða dregist saman vegna offram-

leiðslu korns í Evrópu og Bandaríkjunum, sem nýtt hefur verið að hluta til fódurs í verksmiðjubúum þar sem búsmalinn er alinn innandyra og ódýrum afurðum er hrúgað á markaðinn. Wolf fjallar ítarlega um beitarþol og framleiðsluhætti á þessum svæðum og þótt ritgerðin sé ekki nema 14 blaðsíður þá er þar að finna upplýsingar og útlit-anir sem eiga fullt erindi til allra þeirra bænda hér á landi, sem stunda hinar hefðbundnu búgreinar og hafa ekki látið gleppast af ruglukollum Stéttarsambands bænda og fólunarherferðum söluáðila bú-fjárafurða.

Lester R. Brown fjallar einnig um landbúnað í fyrstu ritgerðinni og þar með um algjöra mishæppan alls samyrkjubúskapar að sósíölskum hætti. Öll þau ríki sem búa við stjórna marxista verða að flytja inn mikið magn landbúnaðarafurða, jafnvel ríki sem voru kornforðabúr heilla álfu fyrir tíma valdatöku marxista, svo sem Sovétríkin. Önnur afbrigði samvinnurekstrar hafa gefist jafn illa.

Meðal annarra greina eru ritgerðir um kjarnorku og raforku og aðra orkugjafa, ritgerð er um tóbaksneyslu og nauðsyn þess að hamla gegn henni. Dregnar eru upp afleiðingar tóbakssígarettureykings í hrollkenndum myndum og loks er grein um endurhönnun ör-yggismála.

Knaurs Weltspiegel '86, spannar einnig árið '85 að nokkru. Þetta er uppflettirit um lönd og ríki, framleiðslu og helstu atburði, sem vakið hafa verðskuldaða athygli eða sem snerta mannheima á einn eða annan hátt. Þörf bók fyrir þá, sem þarfnast knapps uppflettirts um þessi efn.